



AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

Breyting skipulags - Stækkun námusvæðis

Tungnaáreyrar E70

04.11.2025 br. 7.4.2026


HMS

Húsnæði
Mannvirki
Skipulag

Mótt.: 28. MAÍ 2026

Málnr.

126



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra þann 15.4.2026



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 1. Júlí 2026



SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 06.10.2025 með athugasemdafresti til: 03.11.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: 20.11.2025 með athugasemdafresti til: 03.12.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 18.02.2026 með athugasemdafresti til: 01.04.2026.

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

113348-GRG-002-V05

HÖFUNDUR

AJJ

RÝNT

ÁJ/BRE

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	5
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	5
3.2	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
3.3	Þjóðlenda	9
3.4	Fornminjar	9
3.5	Deiliskipulag	9
4	BREYTING AÐALSKIPULAGS	10
4.1	Breyting á greinargerð	10
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	11
5.1	Valkostir og umhverfisáhrif	12
5.2	Niðurstaða	13
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	14
6.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	14
6.2	Skipulagsferli	14
6.3	Breyting að lokinni auglýsingu	14


1 INNGANGUR

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær til efnistökusvæðis E70 í Tungnaáreyrum (L229508). Með þessari breytingu er gert ráð fyrir stækkun svæðisins úr 5 ha í allt að 7,5 ha, þar sem heimiluð efnistaka eykst úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. Svæðið er innan deiliskipulags Búðarhálsvirkjunar / Búðarhálslínu 1 og eftir atvikum þarf að vinna breytingu á því.

Efnistökusvæðið í Tungnaáreyrum er m.a. áætluð sem steypumöl fyrir Vaðölduver.

Í samræmi við lög á mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 er umrædd framkvæmd háð tilkynningarskyldu skv. lið 2.02 „Efnistaka, utan þess sem tilgreint er í tölul. 2.01, þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira, einnig efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 2,5 ha svæði eða stærra.“ Samhliða breytingu aðalskipulags er unnið að fyrirspurn um matsskyldu.

Öll efnistaka á þjóðlendu er háð samþykki forsætisráðuneytis.



MYND 1 Staðsetning efnistökusvæðis er innan bláa rammans

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Fyrirhuguð breyting er m.a. til þess ætluð að styðja við áætlaðar framkvæmdir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, þar sem reknar eru sjö vatnsaflsvirkjanir og eitt vindorkuver. Með breytingunni kemur Landsvirkjun til með að hafa meira svigrúm fyrir efnistöku vegna núverandi, fyrirhugaðra og áframhaldandi reksturs og framkvæmda við t.d. Vaðöldu, Sigöldu, Sultartanga og/eða Búrfell auk þess sem efnistaka kann að nýtast til annarra framkvæmda. Markmiðið er að afla jarðefna sem uppfylla kröfur sem gerðar eru til efnis fyrir einstaka framkvæmda þætti og rekstur Landsvirkjunar, s.s. steypu

og í fyllingarefni með rafstrengjum. Staðsetning á fyrirhuguðu efnistöku svæði kemur til með að lágmarka vegalengdir vegna flutninga á efni og lágmarka þannig kolefnislosun Landsvirkjunar á efnistöku og flutningi jarðefna.

Efnistökusvæðið E70 Tungnaáreyrar er staðsett vestan farvegar Tungnaár, í Rangárþingi ytra, nokkru austan við mörk Ásahrepps. Farvegurinn er alla jafna laus við jökulvatn þar sem vatn rennur í gegn um virkjun við Búðarháls en er farvegur fyrir yfirfallsvatn og einnig er þar vatn, grunnvatn og uppsprettuvatn. Veiði er í farvegi Tungnaár og huga þarf að framkvæmdir hafi ekki áhrif á veiðivatn á veiðitíma og forðast skal allt rask á núverandi vatnsfarvegi.

Um er að ræða 5 ha svæði, sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar. Svæðið er á þjóðlendu (L229508) og því í eigu íslenska ríkisins. Aðkoma að svæðinu er frá Sprengisandsleið (26) sem er skilgreindur sem stofnvegur (nr.26) skv. vegaskrá Vegagerðarinnar. Gerð er nánari grein fyrir mögulegri umferðaaukningu í matstilkynningu vegna framkvæmdar. Nú þegar er nokkur umferð vegna námuvinnslu, enda hefur náman verið í nýtingu en með breytti skipulagi er verið að auka magntöku og þar með framlengja nýtingartíma tillögunnar. Gerð verður nánar grein fyrir umferð við gerð matsfyrirspurnar.

Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna vistgerðina eyðihraunavist á svæðinu. Skógrækt hefur einnig verið stunduð við svæðið. Á skipulagssvæðinu má finna vistgerðir sem hafa verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þar á meðal eru Hélumosavist og Rekjuvist. Báðar vistgerðirnar hafa miðlungs verndargildi en þær eru báðar á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við breytingu á aðalskipulagi er horft til eftirfarandi áætlana:

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

3.2 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem Efnistöku- og efnislosunarsvæði. E70 er staðsett á óbyggðu svæði í næsta nágrenni skógræktar- og landgræðslusvæðis SL26.

Í kafla 2.3.9 **Efnistöku- og efnislosunarsvæði** segir að efnistöku- og efnislosunarsvæði, skv. 6.2 gr. Skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómengduð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda“. Eftirfarandi stefna er um efnistöku- og efnislosunarsvæði:

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndunarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Gerð er grein fyrir þeim svæðum þar sem efnistaka fer fram eða er fyrirhuguð. Áfram er gert ráð fyrir efnistöku á þeim svæðum sem þegar eru nýtt en einnig á nokkrum nýjum svæðum. Gert er ráð fyrir ríflegum svæðum fyrir efnistöku til þess að hægt sé að nýta þá tegund efnis sem best hentar hverju sinni og til að draga úr því að aka þurfi langar leiðir með efni. Flestar námur í sveitarfélaginu eru nýttar til vegagerðar og eru þær í eða við núverandi vegstæði til að lágmarka umhverfisáhrif.

Námur verða einungis opnar á framkvæmdatíma og gengið frá þeim um leið og efnistöku lýkur. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdarleyfi sbr. reglugerð 772/2012. Þegar efnistökusvæði er valið þarf að líta á jarðefni sem auðlind og nýta efnið til þess sem það er best til fallið.

TAFLA 1. Hluti töflu gildandi aðalskipulags fyrir efnistökusvæði.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E70	Tungnaá	Sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar er fyllingar og steypuefni. Mati á umhverfisáhrifum er lokið. Unnir verða allt að 50.000 m ³ . Stærð er um 5 ha.	Afréttur

Í kafla 2.3.2 **Skógræktar- og landgræðslusvæði** segir að skógræktar- og landgræðslusvæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru skilgreind sem „svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagðá landgræðslu og aðra uppgræðslu“. Eftirfarandi stefna er fyrir skógrækt og landgræðslusvæði:

- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.

- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Tafla 2. Hluti tóflu gildandi aðalskipulags fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði.

NR	Heiti svæðis	Lýsing
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði, stærð svæðis er um 20.763 ha.

Í kafla 2.4.1 **Óbyggð svæði** segir að óbyggð svæði, skv. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, eru „svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum“. Hálendissvæði sveitarfélagsins eru að miklu leyti skilgreind sem óbyggð svæði, auk svæða í ofanverðri byggðinni, s.s. eyðibygðir í ofanverðri Landsveit og á Rangárvöllum. Eftirfarandi stefna er um óbyggð svæði:

- Stuðlað verði að verndun og endurheimt gróðurfars.
- Landeigendum verðu áfram tryggður nytja- og beitarréttur á afréttum.
- Bæta öryggi íbúa og ferðamanna.
- Umferð um hálendissvæði verði undir þolmörkum viðkvæmra svæða.

Vatnaáætlun Íslands


Vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Við skipulagsgerð skal gera grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnshlot sem tiltekin framkvæmd og/eða starfsemi getur haft í för með sér. Skýrt þarf að koma fram hvort ástand vatns hnigni eða umhverfismarkmiðum vatnshlotsins sé ekki náð. Sveitarfélagið sem leyfisveitandi getur óskað eftir áhrifamati vatnshlots af hálfu framkvæmdar- og rekstraraðila sé þess talin þörf. Ekki er gefið út leyfi fyrir framkvæmd/starfsemi sem leiðir til þess að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki. Gerð verður grein fyrir áhrifum á vatnshlot í samræmi við leiðbeiningar frá Umhverfisstofnun (umhverfis- og orkustofnun)¹.

Náman er innan grunnvantshlotsins Tungaárhraun 103-308-G. Flatarmál grunnvatnshlotsins er 1942,1 km². Magnstaða og efnafræðilegt ástands vatnshlotsins eru óþekkt og er ekkert álag skráð á

¹ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

vatnshlotið. Umhverfismarkmið vatnshlotsins eru að magnstaða og efnafræðileg staða þess séu góð. Á er yfirlitskort sem sýnir vatnshlotið og er framkvæmdarsvæðið gróflega merkt með rauðu.



MYND 4. Útmörk grunnvatnshlotsins *Tungnaárhraun*. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er gróflega merkt inn á myndina með rauðu. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá.

Vatnshlotið er fremur útbreitt og eru ýmsar uppbyggingar og framkvæmdir innan þess. Þar á meðal ýmis efnistökusvæði og virkjanaframkvæmdir. Helsta hættan sem stafar af framkvæmdinni er ef til efnamengunar kemur. Í skipulagsáætlunum og við útgáfu framkvæmdaleyfa verða settir skilmálar um að ekki sé heimilt að geyma olíur eða mengandi efni í námunni. Sé skilmálum fylgt eftir telur framkvæmdaraðili ekki hættu á að vatnshlotinu stafi hættu sökum framkvæmda. Ekki er fyrirhugað að bora eftir neysluvatni eða vera með fráveitu innan efnistökusvæðis. Nánar verður gerð grein fyrir áhrifum á vatnshlot í matskyldufyrirspurn vegna framkvæmdarinnar.

Náman er einnig innan straumvatnshlotsins 103-654-R Tungnaá 1, og er svæðið á áreyrum Tungnaár.



MYND 4. Útmörk straumvatnshlotsins *Tungnaá 1*. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er gróflega merkt inn á myndina með rauðu. Myndin er skjáskot úr Vatnavefsjá.

3.3 Þjóðlenda

Stór hluti hálendis Rangárþings ytra er þjóðlenda. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Ráðherra til aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfa sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendlög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eða haft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. laganna landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

Ráðuneytið veitir leyfi fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda og vindorku innan þjóðlenda. Samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd. Allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins og samþykki ráðuneytisins þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlendna skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998.

3.4 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Engar þekktar minjar eru innan svæðis. Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar eins fljótt og auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

3.5 Deiliskipulag

Sótt verður um framkvæmdaleyfi á grunni aðalskipulags.

4 BREYTING AÐALSKIPULAGS

Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð gildandi aðalskipulags. Breytingin felur í sér aukna heimild á efnistöku á þessu svæði.

Gert er ráð fyrir stækkun á núverandi efnistökusvæði E70 í Tungnaáreyrum úr 5 ha yfir í allt að 7,5 ha þar sem heimiluð efnistaka eykst úr 50.000 m³ í allt að 100.000 m³. E70 er skráð um 5 ha í gildandi aðalskipulagi en nýting hefur miðast við 2,5 ha.

Breytingin felur í sér aukna heimild á efnistöku á þessu svæði.

4.1 Breyting á greinargerð

Kafli 2.3.9 í greinargerð – Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Texti í töflu um efnistöku- og efnislosunarsvæði verður uppfærður í samræmi við breytta stærð og magn efnistöku. Í greinargerð er texta breytt í töflu 1, í kafla 2.3.9.

Hluti töflu 1. Gildandi greinargerð aðalskipulags fyrir efnistöku- og efnislosunarsvæði:

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E70	Tungnaá	Sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar er fyllingar og steypuefni. Mati á umhverfisáhrifum er lokið. Unnir verða allt að 50.000 m ³ . Stærð er um 5 ha.	Afréttur

Hluti töflu 1. Breytt greinargerð:

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD
E70	Tungnaá	Sunnan ármóta Tungnaár og Köldukvíslar er fyllingar- og steypuefni. Gætt skal að raska ekki veiðivatni á veiðitíma. Unnir verða allt að 100.000 m ³ . Stærð er um 7,9 ha. Forðast skal allt óþarfa rask, sérstaklega ef um votlend svæði að ræða. Ganga skal frá námu jafnóðum, eftir að svæði hafa verið fullnýtt og öllu efnistökusvæði þegar nýtingu lýkur. Samgöngumat skal liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.	Afréttur

5 UMhverfismatsskýrsla

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Lagt er mat á eftirfarandi umhverfispætti:

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst að hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirbyggjandi gögnum og/eða upplýsingum. Í slíkum tilfellum er nánar gert grein fyrir ákveðnum umhverfispáttum á síðari stigum skipulagsvinnu, s.s. við gerð deiliskipulags eða umsókn um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi.

TAFLA 3. Umhverfispættir, umhverfisviðmið og matsspurningar.

UMhverfispættir	UMhverfisviðmið	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið. - Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð viðerni og landslagsheildir. <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að fjölbreyttari landnýtingu í samræmi við landgæði og ástand lands. - Tryggja nægt framboð efnistökusvæða og þau séu í námund við notkunarstað efnis.	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding.</i> <i>Kolefnishlutleysi.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. - Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orkuauðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun og tryggja orkuöryggi. <i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar <i>Gróður.</i> <i>Vistkerfi.</i> <i>Jarðvegur.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu viðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <i>Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að gróðurvernd og landgræðslu - Unnið verður að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða. - Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> - VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. <i>Lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsetusvæði dýra?

Heilnæmt umhverfi Mengun og hávaði. Vatnsvernd.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsmeðhöndlun, hljóðvist og loftgæði. <i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i> - Standa vörð um vernd grunnvatns sem neysluvatns fyrir íbúa og atvinnustarfsemi. - Landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. - Í námum innan friðlands, náttúru- og menningarminja, vatnsverndarsvæðum eða öðrum verndarsvæðum er óheimilt að geyma olíur eða önnur mengandi efni. Vatnaáætlun Íslands 2020-2037. - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i>	Er hætta á mengun eða hávaða vegi stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?
Samfélag Atvinnulíf. Íbúar. Hagræn áhrif.	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> - Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i> - Efla byggð og atvinnulíf og stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum.	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæ? Hefur stefnan áhrif á íbúa og íbúar? Hefur stefnan áhrif á framboð fristundabygðar?
Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.	<i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i> - Stuðla að varðveislu sögu, náttúru og menningarminja og annarra umhverfislegra gæða. - Landnotkun stuðli að varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu. <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Aðalskráning fornminja.</i>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5.1 Valkostir og umhverfisáhrif

Stefna í gildandi aðalskipulagi er borin saman við stefnu í breyttu skipulagi.

Breytt skipulag:

Áhrif á land og landslag er neikvæð/óveruleg. Áhrif framkvæmdar á svæðinu eru neikvæð meðan á vinnslu stendur. Sé gengið vel frá svæðinu að lokinni vinnslu og svæðið fært aftur í fyrra horf eins og kostur er, mun framkvæmdin hafa óveruleg áhrif á ásýnd. Svæðið er á skilgreindri eyðihraunavist og því rýrt.

Áhrif á loftslagsmál eru óveruleg. Öll efnisvinnsla og framkvæmdir auka umferð og aðra vélanotkun, sem þar með eykur t.d. útblástur mengandi efna. Umrædd breyting mun þó hafa jákvæð áhrif þar sem efnisflutningar munu styttest verulega, við byggingu Vaðölduvers. Ef að reynt er að fara eftir orkustefnu og viðeigandi reglugerðum þar sem öll umhverfisáhrif eru lágmörkuð eins og kostur er, er líkleggra að um óveruleg áhrif sé að ræða.

Áhrif á náttúrufar er neikvæð/óviss. Áhrif á búsvæði dýra eru neikvæð þar sem framkvæmdin mun líklega fæla fugla í burtu. Áhrif á gróður eru óviss, þar sem svæðið er þegar raskað og því óljóst hversu vel hægt verður að endurheimta gróðurinn eftir að framkvæmdum og frágangi lýkur. Áhrif á lax- og silungsveiði er óviss þar sem að framkvæmdin gæti haft áhrif á vatnafar og lífríki.

Áhrif á heilnæmt umhverfi er óveruleg. Líklegt er að áhrif á hávaða eru töluverð en sé gætt að öryggi starfsmanna, þ.e. varðandi hljóðvist og almennt öryggi á svæðinu er ólíklegt að það hafi mikil áhrif. Áhrif á vatnshlot eru metin óveruleg og ekki líklegt að framkvæmd komi til með að valda að umhverfismarkmiðum þess sé ekki náð.

Áhrif á samfélag er jákvæð. Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið þar sem efni úr náminu kemur til með að vera nýtt fyrir starfsemi og rekstur Landsvirkjunar sem miðar að endurbótum og eflingu raforkukerfi landsins, sem skilar aukinni raforku til samfélagsins.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

Gildandi skipulag:

Áhrif á landnotkun, landslag, loftslagsmál og náttúrufar er jákvæð/óveruleg. Svæðið heldur sér eins og það er, enda voru engar framkvæmdir fyrirhugaðar á þessum hluta iðnaðarsvæðis.

Áhrif á heilnæmt umhverfi og samfélag er óveruleg. Engin breyting. Svæðið heldur sér eins og það er.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engin breyting. Engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

5.2 Niðurstaða

Sveitarfélagið styður breytinguna m.a. þar sem víða eru allnokkrar fjarlægðir í góð efnistökusvæði. Hentug efnistökusvæði fyrir áætlaðar framkvæmdir við Vaðöldu, sérstaklega varðandi steypumöl eru í allnokkurri fjarlægð. Einnig hentar staðsetningin vel þar sem hún er í nálægð við nokkrar núverandi virkjanir, sem sparar akstur og flutnings á efni við viðhald þeirra. Raska skal landi sem minnst, þar með talið hraunum utan skilgreinds efnistökusvæðis og gæta að mögulegum áhrifa á veiði í Tungnaárfarvegi. Ekki er talin ástæða til að taka fleiri valkosti til samanburðar, enda er efnisvinnsla nú þegar á efnistökusvæðinu og óæskilegt er að taka nýtt svæði til efnistöku á hálendinu, ef hægt er að nýta þegar röskuð svæði áfram.

Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á samfélagið með því að stuðla að uppbyggingu umhverfisvænnar orkuvinnslu.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Sameiginleg skipulagslýsing var kynnt í október 2025 fyrir stækkun námusvæða á Tungnaáreyrum og í Ferjufit. Umsagnir bárust frá Fiskistofu, Vegagerðinni, Skipulagsstofnun, Náttúruverndarstofnun og Heilbrigðiseftirliti. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til umsagna.


Tillaga breytingar var auglýst á haustmánuðum, til 3 des.

6.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin
- Fiskistofa
- Rangárþing ytra
- Forsætisráðuneyti

6.2 Skipulagsferli




6.3 Breyting að lokinni auglýsingu


Á kynningartíma tillögu barst umsögn frá Vegagerðinni um gerð samgöngumats, og fjallað er um aukna umferð við gerð matsfyrirspurnar. Þá er bætt í skilmála ákvæði um að forðast óþarfa rask, í samræmi við umsögn Náttúruverndarstofnunar.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Tungnaáreyrar E70



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Sveitarfélamörk
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- ✕ Fornminjar undir hverfisvernd ónálvæm staðsetning
- Stofnvegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Landsvegir
- Slóðar
- Gönguleið
- Reiðleið
- R Háspennulína 132-220 kV
- Hverfisvernd
- Á, lækur
- Stöðuvatn, tjörn
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.



Breyting - aðalskipulags
Tungnaáreyrar E70

Verk: 113348
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: IS

Mælikvarði: 1:100.000

Dags: 04.11.2025